

Fjölbrautaskólinn við Ármúla



Kennslu- og áfangamat á vorönn 2025

Inngangur

Kennslu- og áfangamat (kennslumat) var lagt fyrir 17. mars og lokað 11. apríl fyrir páskafrí. Könnunin fór fram í gegnum Innu eins og undanfarin ár. Matið var lagt fyrir 76 hópa sem 26 kennarar kenndu. Þátttaka var með besta móti eða 63,3% (850 af 1343). Úrtakinu mátti skipta í fimm nokkuð jafna hluta: Erlend tungumál, stærðfræði, félags- og viðskiptagreinar, raungreinar auk ýmissa annarra greina sem að mestu leyti voru listgreinar en einnig íslenska og tölvugreinar.

Kennslumatið innihélt sömu 13 spurningarnar og árið 2023 og 2024 en spurningalistann má í heild sinni sjá í viðauka A. Fyrstu 10 spurningarnar voru krossaspurningar á Likert-kvarða um kennsluna, áfangann og viðhorf og framlag nemandans með svarmöguleikunum: mjög sammála, frekar sammála, á ekki við/veit ekki, frekar ósammála og mjög ósammála. Einnig gafst nemendum færi á að gefa kennaranum einkunn og að koma á framfæri skriflega því sem betur mætti fara og því sem væri best við áfangann.

Ábyrgðin af framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar er alfarið á hendi gæðastjóra skólans. Meðan könnunin var aðgengileg nemendum þá sendi gæðastjóri kennurum í úrtaki vikulega pósta með tilmælum um að leggja könnunina fyrir auk tölfræði um þátttöku. Í byrjun síðustu viku var svo sendir tveir póstur á alla nemendur í úrtakinu og þeir hvattir til þess að svara. Niðurstöður voru gerðar aðgengilegar kennurum þegar viðtali vegna námsmats lauk þann 14. maí. Þá var búið að fjarlægja tvö óviðeigandi og ómálefnaleg ummæli.

Markmiðið með kennslu- og áfangamati er að

- gefa kennurum færi á reglulegri endurgjöf í starfi sem gagnast þeim við að ígrunda kennsluna
- gefa nemendum færi á því að hafa rödd í skólanum og ígrunda sitt nám
- gefa skólastjórnendum færi á að heyra skoðanir nemenda á skólastarfinu
- safna reglulega gögnum um skólastarfið
- skoða kerfisbundið áfanga og nám við skólann með það að markmiði að betrumbæta skólastarfið

Nú hafa allir kennarar skólans farið í gegnum kennslumat í síðasta lagi vorið 2024. Það er í samræmi við markmið skólans.

Nemendur eru almennt ánægðir með allt sem spurt var um varðandi kennslu við skólann nú eins og fyrri annir þótt einkunnagjöf á skólaárinu hafi verið heldur lægri en t.d. vorið 2024.

Ánægja nemenda í kennslukönnum reyndist mest í raungreinum.

Verklag við kennslumat hefur nú fjórar annir í röð skilað sér í um og yfir 60% þátttöku nemenda sem er harla gott í sögulegu ljósi.

Nemendur voru síst ánægðir með fjölbreytileika kennsluhátta og það að námið muni nýtast þeim í framtíðinni. Ánægðastir eru nemendur með viðmót kennara og skipulag áfanga.

Úrtakið

Við val á úrtaki var fyrst og fremst horft til nýrra kennara og svo kennarar sem ekki höfðu verið metnir síðan 2023. Eftirfarandi hópar voru setti í áfanga- og kennslumat (fjöldi hópa innan sviga)

BÓKF1IB05 (1)	BÓKF2FB05 (1)	DANS1GR05 (2)	DANS1UN05 (1)	DANS2RM05 (3)
EFNA2AM05 (1)	ENSK2FU05 (1)	ENSK3KV05 (1)	ENSK3LG05 (1)	ENSK3SA05 (1)
FEMP2FH05 (1)	FJÖL1FS05 (1)	FORM2MF05 (1)	FÉLA1AM05 (1)	FÉLA2AB05 (1)
FÉLA2KE05 (1)	FÉLV1IF05 (4)	HAGF2AR05 (1)	JARÐ2SF05 (1)	KVMG1ST05 (1)
KVMG2SJ05 (1)	LÍFF3EF05 (1)	LÖGF2LÖ05 (1)	MARK2AM05 (1)	MASK2SV03 (1)
MYNL2TA05 (2)	MYNL3PF05 (1)	NÆRI2NN05 (2)	NÝSK3SF05 (1)	RAUN1JE05 (4)
RAUN1LE05 (5)	SPÆN1AG05 (1)	SPÆN1AU05 (1)	STÆR1GR05 (5)	STÆR1UN05 (3)
STÆR2AM05 (1)	STÆR2HS05 (4)	STÆR2HV05 (1)	STÆR3FD05 (1)	TÖLV1FG05 (1)
UMHV2SJ05 (1)	UPPÆ1SR05 (2)	ÍSAN1UN05 (1)	ÍSAN2GM05 (1)	ÍSLE2GM05 (1)
ÍSLE3NB05 (1)	ÍSTA1AF05 (1)	ÍSTA1AG05 (1)	ÞÝSK1AF05 (1)	ÞÝSK1AG05 (1)
ÞÝSK1AU05 (1)				

Hópana 76 var hægt að flokka í fimm hluta:

- **Erlend tungumál:** Enska, danska, spænska og þýska (alls 15 hópar)
- **Stærðfræði:** 15 hópar
- **Félags- og viðskiptagreinar:** Bókfærsla, félagsvísindi, nýsköpun, markaðsfræði, hagfræði, félagsfræði, lögfræði og félagsfræði (alls 14 hópar)
- **Raungreinar:** Næringarfræði, raunvísindi, umhverfisfræði, líffræði, jarðfræði og efnafræði (alls 15 hópar)
- **Ýmsar greinar:** myndlist, viðburðarstjórnun, formfræði, kvikmyndagerð, markviss starfskynning, ferilmöppur-portfolio, íslenska, íslenskt talmál, íslenska sem annað tungumál, tölvufræði og upplýsingalæsi á tölvur og sjúkraskrár (alls 17 hópar).


Ef horft er til hefðbundinnar flokkunar á framhaldsskólanámi í bókleg fög og starfsgreinar (listnám og nám í heilbrigðisskóla) þá var lægra hlutfall starfsgreina í úrtaki en í dagskóla.

Námsgrein	Fjöldi hópa
Bóklegar greinar	66 (86,8%)
Starfsgreinar	10 (13,2%)


Þegar horft er til þrepa þá reyndust 39 áfangar vera á þrepi 1, 29 á þrepi 2 og 8 á þrepi 3 sem skýrist að verulegu leyti af því að þriðja erlenda tungumál er allt á fyrsta þrepi.

Þátttaka

Þátttakan í kennslukönnun vorið 2025 var 63,3% (meðaltal reiknað yfir allt úrtakið). Meðalþátttaka hvers hóps var 60,8% og miðgildi 63,4%. Þátttökudreifingin er á næstu síðu.




Þátttaka eftir hópunum fimm er skoðuð þá er hún best í raungreinum og félags- og viðskiptagreinum um 66-67% að meðaltali.



Listgreinar sköruðu ekki fram úr öðrum hópum hvað ánægju nemenda varðar eins og þær gerðu haustið 2024. Sá hópur sem kom einna best út voru raungreinar sem er athyglisvert í ljósi þess að raungreinar hafa átt undir högg að sækja í FÁ þegar kemur að aðsókn nemenda. Nemendur eru sérstaklega ánægðir með raungreinakennara og kennslu í raungreinum. Skýrsluhöfundur sendi deildarstjórum erlendra tungumála, raungreina og stærðfræði samanburð þessara hópa til heildina, sem innlegg í umræðu í deildum; þetta voru einu hóparnir þar sem flokkunin í skýrslunni passaði við deildarskiptingu kennara.

Þátttaka fyrr og nú

Þátttakan í kennslumati undanfarnar fjórar annir er með besta móti og hefur nær aldrei verið svona góð yfir sambærilegt tímabil eða um og yfir 60%.



Það má segja að skólinn hafi náð eigin markmiðum um 60% þáttökuhlutfall nemenda síðan haustið 2023 en átt í erfiðleikum með að ná settu marki árin á undan.

Niðurstöður spurninga 1-10

Hér voru allar spurningar settar fram á Likert-kvarða. Svarkostirnir voru: Mjög sammála (4), frekar sammála (3), frekar ósammála (2), mjög ósammála (1) og Á ekki við/veit ekki (0).

Niðurstöður eru settar fram í eftirfarandi töflu:

Nr	Spurning	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Á ekki við/veit ekki	Frekar sammála	Mjög sammála
1	Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni.	10%	6%	6%	37%	41%
2	Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar.	8%	2%	4%	37%	49%
3	Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans.	12%	3%	4%	43%	39%
4	Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður.	7%	2%	3%	37%	51%
5	Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum.	10%	7%	6%	34%	43%
6	Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans.	10%	4%	4%	38%	44%
7	Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi.	12%	5%	8%	34%	42%
8	Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr.	8%	2%	5%	33%	52%
9	Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér.	2%	4%	5%	27%	62%
10	Þessi áfangi er vel skipulagður.	7%	2%	3%	39%	50%

Nemendur eru 80-90% tilvika frekar eða mjög sammála flestum fullyrðingunum. Í tilvikum spurninga 1, 5 og 7 eru nemendur síður sammála fullyrðingunum eins og í kennslumati undanfarinna anna.

Samanburður við fyrri annir

Í viðauka D er tafla yfir meðaltal einkunnna úr spurningum 1-10 þegar búið er að gefa svörum nemenda vægi skv. eftirfarandi töflu:


Svar	Vægi
Mjög sammála	4
Frekar sammála	3
Frekar ósammála	2
Mjög ósammála	1

Ekki er mikill munur milli anna og niðurstöður haustannar 2024 og vorannar 2025 eru nánast þær sömu.

Í viðauka B og C er að finna upplýsingar um fylgni milli einstaka spurninga. Það er talsvert jákvæð fylgni milli nær allra spurninganna (0,5-0,8) sem þýðir að ánægja/óánægja sem kemur fram í einni spurningu smitast yfir á hinar.

Kennaraeinkunn og þróun síðustu anna

Í spurningu 11 gafst nemendum færi á að gefa kennurum sínum einkunn á bilinu frá 1 til 10. Meðaltalið var 8,22 en miðgildið 9,0. Miðgildið er það sama og árið 2024 en meðaltalið lægra eins og fram kemur á eftirfarandi mynd.



Í 39% tilvika gáfu nemendur kennurum sínum einkunnina 10 og 19,0% einkunnina 9. Í 52% tilvika gáfu nemendur raungreinakennurum einkunnina 10 en aðrir hópar voru eftirbátar raungreinakennara.

Mest fylgni milli einkunnagjafar í spurningum 1-10 og spurningar 11 og spurningar 8 og 9 eða 7,77 og 0,78. Þær spurningar snúa að skýrleika fyrirsmæla kennarans og ánægju með viðmót (sjá viðauka A). Þetta er sama niðurstaða og undanfarin ár. Vorið 2025 var einnig mest fylgni milli einkunna kennara og einkunnar fyrir spurningu 4 sem snýr að aðstöðu til kennslu.

Raddir nemenda

Í tveimur síðustu spurningunum gafst nemendum færi á því að segja hvað þeim þótti best og hvað þeim fannst að mætti laga.

- Spurning 12: Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, aðbúnað, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.
- Spurning 13: Hvað finnst þér best við áfangann?

Spurning 12: Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, aðbúnað, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.

Alls bárust 302 svör af 850. Þar af voru 104 sem voru ekkert (80), alls ekki (2), ekki viss (2) og veit ekki (20). Nemendur eru að kvarta yfir kennara, samskiptum við kennara, skipulagi, hraða í yfirferð, kennsluáferðum, endurgjöf, kennsluefni og upplýsingagjöf í gegnum Innu.

Hér á eftir fara nokkrar ábendingar:

- *Hraðinn í gegnum glærur eða sýnidæmi hjá kennaranum upp á töflu. Stundum erfitt að taka eftir og gera á sama tíma.*
- *Kannski koma til nemendur líka ef þau "þurfa" ekki hjálp því stundum vilji nemendur ekki segja um hjálp en örugglega þurfa þess.*
- *Láta betur vita hvernig við ættum að undirbúa okkur fyrir tíma. Hafa réttar tímasetningar settar á próf/verkefni inni á innu*
- *Mér finnst bókinn útskýra lítið og því ekkert sérstaklega góð. Of mörg hefti, væri betra ef þau voru öll saman*
- *Kenna hugtök betur, þannig að hægt sé að muna þau fyrir prófið. Gera prófin léttari, og útskýra efnið með léttari orðum.*
- *Ég er mjög ánægð að sjá að búið er að þýða kennslubókina yfir á íslensku en það mætti laga stafsetningarvillur og mætti einnig fylgja fleiri ensk heiti þegar það á við (e. enska heitið). Mér finnst að það mætti draga úr pappírnotkun.*
- *Skrifa meira inn á viku planinu hvað við erum að fara gera í timanum eða hvað við gerðum í timanum svo þú veist hvað var unnið ef þú varst ekki.*

Spurning 13: Hvað finnst þér best við áfangann?

Þegar nemendur tala um hvað þeim þykir best við áfangann þá nefna þeir oftast kennarann. Orðið kennari var nefnt í einhverju falli í 126 athugasemdum af 405. Einnig nefna nemendur kennarann í mörgum tilvikum með fornafni.

Hér eru nokkur dæmi um svör við þessum spurningum birt með þeirra eigin orðum:

- *Ég hef algjöru stjórn á því sem er kennt í þessum áfanga og hvernig ég læri það, ég fíla það, X er geggjaður kennari og hefur alltaf verið kurteis og sýnt mér virðingu.*
- *Þetta er gert mjög ahugavert beðið okkur in að taka þatt og deila hugsunum. Ekki br glærur og við hlustum*
- *Kennarinn er skemmtilegur og ég fæ að vera með vinkonum mínum og tala við nýtt fólk*
- *Kennarinn, hann fær mann aldrei til að líða heimskan, hann sýnir virðingu gagnvart öllum! Mér líður best í tímum hjá honum og kennarinn er aðal ástæðan af hverju ég er spennt að fara í skólann. Y er líka rosalega hjálpsamur, útskýrir hluti mjög vel. Sé einstaklinga sem segja ekkert í öðrum kennslustundum og eru mjög feiminn lýsa upp í tímum hjá Y, hann fær alla til að líða vel og nær til allra. Feimið fólk fer allt í einu að tala og spurja spurningar fyrir framan alla í tímum hjá honum.*
- *Besti áfanginn, besti kennarinn. Efni áfangans er fjölbreytt, gagnlegt og áhugavert. Z á auðvelt með að vekja áhugann í nemendum með skemmtilegum dæmasögum og spennandi umræðum. Ég vildi einungis að það væru fleiri líffræðiáfangar til að velja um. #kennumörverufræðihaustið2025*

Niðurstöður og atriði til umhugsunar

Kennslukönnunin vorið 2025 kemur vel út og í raun alveg eins og haustið 2024 þegar litið er á allan hópinn.

Nokkur atriði til umhugsunar:

- Þátttakan var 63% og nú hefur þátttakan verið um og yfir 60% fjórar annir í röð.
- Einkunnagjöf til kennara er mjög há eins og hún var árið 2024 en 39% nemenda gefa kennaranum sínum einkunnina 10
- Ánægjan er sýnilega mest með raungreinakennarana í þessari könnun. Ánægja með listgreinakennslu endurtók sig ekki frá haustönn 2024. Það getur auðvitað stafað af því að ekki eru margir kennarar að baki hverjum flokki.
- Mesta óánægjan kom fram í spurningum eitt, fimm og sjö sem snúa að fjölbreytileika kennsluhátta, endurgjöf á verkefni og hvort námið muni gagnast í framtíðinni. Þessar spurningar hafa ítrekað mælst lægstar á undanförnum árum.
- Mest fylgni milli einkunnagjafar til kennara var við skýrleika og viðmót kennara en einnig aðstöðu og aðbúnað til kennslu. Fyrstu tvö atriðin hafa ítrekað sýnt sig að hafa sterka fylgni við kennaraeinkunn í kennslumati.

Reykjavík í júní 2025

Unnar Þór Bachmann (gæðastjóri)

Viðauki A: Spurningar í kennslukönnun

1. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni.
2. Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar.
3. Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans.
4. Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður.
5. Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum.
6. Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans.
7. Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi.
8. Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr.
9. Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér.
10. Þessi áfangi er vel skipulagður.
11. Hvaða einkunn gefur þú kennaranum á bilinu 1 – 10?
12. Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, aðbúnað, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.
13. Hvað finnst þér best við áfangann?

Viðauki B: Fylgni milli tölulegra svara í spurningum 1-11

Spurning	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
1	1,00	0,72	0,53	0,74	0,67	0,62	0,58	0,57	0,60	0,61	0,66
2	0,72	1,00	0,63	0,63	0,65	0,63	0,66	0,66	0,64	0,68	0,73
3	0,53	0,63	1,00	0,41	0,53	0,49	0,63	0,39	0,37	0,55	0,45
4	0,74	0,63	0,41	1,00	0,75	0,64	0,40	0,71	0,67	0,75	0,77
5	0,67	0,65	0,53	0,75	1,00	0,75	0,47	0,70	0,69	0,70	0,70
6	0,62	0,63	0,49	0,64	0,75	1,00	0,48	0,70	0,64	0,73	0,68
7	0,58	0,66	0,63	0,40	0,47	0,48	1,00	0,39	0,36	0,57	0,44
8	0,57	0,66	0,39	0,71	0,70	0,70	0,39	1,00	0,81	0,72	0,77
9	0,60	0,64	0,37	0,67	0,69	0,64	0,36	0,81	1,00	0,62	0,78
10	0,61	0,68	0,55	0,75	0,70	0,73	0,57	0,72	0,62	1,00	0,71
11	0,66	0,73	0,45	0,77	0,70	0,68	0,44	0,77	0,78	0,71	1,00

Viðauki C: punktagröf og einkunnadreifing af tölulegum svörum 1-11

Punktagröf meðaltala tölulegra svara hópanna 66 í áfanga- og kennslumati haustið 2023



Viðauki D: Meðaltöl spurninga 1-10 í samanburði við fyrri annir

Spurning	Leggðu mat á áfangann	V22	H22	V23	H23	V24	H24	V25
4	Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður.	3,4	3,5	3,4	3,3	3,5	3,4	3,4
10	Þessi áfangi er vel skipulagður	3,3	3,4	3,3	3,2	3,5	3,3	3,4
2	Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar	3,4	3,4	3,2	3,2	3,4	3,3	3,3
	Meðaltal	3,4	3,4	3,3	3,3	3,5	3,3	3,4
	Leggðu mat á kennsluna	V22	H22	V23	H23	V24	H24	V25
9	Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér	3,5	3,6	3,5	3,2	3,6	3,5	3,5
8	Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr	3,4	3,5	3,4	3,2	3,5	3,3	3,3
6	Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans	3,3	3,5	3,3	3,2	3,5	3,3	3,3
5	Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum	3,3	3,4	3,2	3,2	3,3	3,2	3,2
1	Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni	3,2	3,4	3,2	3,1	3,3	3,2	3,2
	Meðtaltal	3,3	3,5	3,3	3,2	3,4	3,3	3,3
	Viðhorf og framlag	V22	H22	V23	H23	V24	H24	V25
3	Ég mæti vel undirbúin í kennslustundir áfangans	3,1	3,3	3,1	3,1	3,3	3,2	3,2
7	Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi	3,2	3,3	3,0	3,1	3,3	3,2	3,2
	Meðtaltal	3,2	3,3	3,1	3,1	3,3	3,2	3,2